



## Fundargerð aðalfundar, 26. nóvember 2020

Fundur var settur í íþróttamiðstöð GKG kl. 20:00, fimmtudaginn 26. nóvember 2020. Fundurinn var rafrænn að þessu sinni sökum Covid 19 faraldursins.

Fundurinn var sendur út beint í gegnum Facebook og því til í rafrænum gögnum klúbbsins.

Mættir á staðinn voru stjórnarmenn, framkvæmdarstjóri og aðrir sem tóku þátt í fundinum. Félagsmenn gátu svo fylgst með fundinum á netinu og voru u.þ.b. 130 sem fylgdust með.

Formaður, Guðmundur Oddsson, setti fundinn og skikkaði Agnar Jónsson sem fundarstjóra og Ragnheiði Stephensen ritara því sökum ástandsins var ekki hægt að kjósa eins og fundarsköp gera ráð fyrir.

Fundarstjóri tók fram að boðað hefði verið til fundarins með auglýsingu sem send var til félagsmanna 22. nóvember sl. Með því væri fundurinn lögmaður skv. 11. gr. sbr. 2. mgr. 8. gr. laga GKG og þar með bær til þeirra ákvarðana sem fyrir honum liggja.

Því næst var gengið til auglýstrar dagskrár.

- Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Agnar Már Jónsson, framkvæmdarstjóri kynnti nýja inniaðstöðu klúbbsins með því að ganga um svæðið niðri og sýna stöðu framkvæmda sem mun ljúka á næstu dögum.
- Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKG, kynnti störf og árangur íþróttasviðs. 8 Íslandsmeistarátitla og fleiri önnur góð afrek.
- Sigurður Kristinn Egilsson, formaður vallanefndar, kynnti því næst framkvæmdir ársins á vellinum og framtíðarsýn vallarins.
- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála og rekstur klúbbsins í ár ásamt því að hann fór yfir ársreikninginn.
- Framkvæmdarstjóri tók að sér að svara spurningum af netinu sem höfðu borist og reyndi að svara þeim jafn óðum og þær bárust.
- Að því loknu voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis og gefin tími til að senda inn athugasemdir á netinu. Engar athugasemdir bárust og því teljast reikningarnir samþykktir.
- Framkvæmdastjóri kynnti rekstrar- og fjárfestingaáætlun komandi starfsárs. Árgjald næsta árs var kynnt. Árgjaldið helst í hendur við neysluvísitölu og hækkar verðið eftir henni. Innifalið í árgjaldinu eru tveir hálf tímar í golfhermum.
- Aftur svaraði framkvæmdarstjóri fyrirspurnum og ábendingum af netinu þar sem vinsælasta athugasemdin var að Agnar myndi hætta að banka í borðið.
- Stjórn lagði til breytinar á lögum GKG heimila kosningar með rafrænum hætti og að í stjórn sitja aðeins félagsmenn og framboð til stjórnar þurfi að berast eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
- Símon Kristjánsson formaður kjörnefndar kynnti framboð til formanns og fjögurra stjórnamanna. Guðmundur Oddsson var einn í framboði til formanns og í framboði til sætis í stjórn voru Einar Gunnar Guðmundsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Ragnheiður Stephensen og Sigmundur Einar Músson sem öll voru



fráfarandi stjórnarmenn. Félagsmönnum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða mótframboð á meðan næsta atriði var tekið fyrir

- Birgir Leifur Hafþórsson kynnti þjónustuframboð við félagsmenn á næsta ári ef Covid leyfir. Margt spennandi verður í boði og kylfingar geta hlakkað til næsta árs. Ef fólk vill vita meira um það að þá skal senda fyrirspurn á Birgi Leif í tölvupósti.
- Símon kom þá aftur í pontu og þar sem engin mótframboð höfðu komið fram að þá var Guðmundur Oddsson endurkjörinn formaður til eins árs og Einar Gunnar Guðmundsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Ragnheiður Stephensen og Sigmundur Einar Mátsson voru endurkjörin sem stjórnarmenn til tveggja ára.
- Ágúst Jóhannsson, KPMG var kosinn endurskoðandi án andmæla.
- Önnur mál
  - Ástrós kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar. Þátttaka í könnuninni hefur aldrei verið meiri og greinilegt að fólk er meira heima við en venjulega og gefur sér tíma í að svara könnunum. Niðurstöður könnunnarinnar verða að teljast góðar þegar á heildina er litið og félagsmenn almennt ánægðir í GKG og annað sem ekki er eins mikil ánægja með nýtist inn í starfið til að gera betur.
  - Fundarstjóri óskaði nýendurkjörnum stjórnarmanni, Ingibjörgu Ólafsdóttur, til hamingju með 60 ára afmælið á morgun.
  - Afhending verðlauna og viðurkenninga fór fram í umsjá formanns og íþróttastjóra, en aðeins var veitt ein viðurkenning sökum Covid 19, sem var háttvísibikarinn, því ákveðið var að bíða með önnur verðlaun og viðurkenningar þar til höftum linnir.
    - Háttvísi bikarinn 2020 fékk Róbert Léó Arnórsson fyrir fyrirmyndar frammistöðu, háttvísi og vilja til að taka framförum og að vera iðinn kylfingur.

Engin önnur mál voru á dagskrá og afhenti fundarstjóri ný endurkjörnum formanni orðið. Formaður þakkaði endurtekið traust í sinn garð og sagði nokkur góð orð áður en hann sleit fundi.

Fundi slitið klukkan 21:45